

## Heilabrot endurhæfingarsetur

**Málsaðili** : Heilabrot endurhæfingarsetur  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 27.02.2020  
**Númer** : 2001163  
**Flokkur** : 300 Almennt efni

**Efni** :

Talsmenn Heilabrota, endurhæfingarseturs mættu á fund fjölskylduráðs þann 17. janúar s.l. en Heilabrot er nýstofnað félag sem sér um atferlistengda taugaendurhæfingu fyrir fólk með hegðunarvanda eftir framheilaskaða. Fjölskylduráð bókaði eftirfarandi:

***Fjölskylduráð þakkar talsmönnum Heilabrota-endurhæfingarseturs fyrir góða kynningu. Lagt fram. Sviðsstjóra falið að kostnaðargreina hvað svona samningur kæmi til með að kosta fyrir Hfj. og hvort þetta úrræði geti nýst fyrir einhverja einstaklinga.***

Sviðið hefur kannað hvort úrræðið geti nýst einstaklingum sem óskað hafa eftir þjónustu. Komið hefur í ljós að það er enginn í þjónustu hjá fjölskyldu- og barnamálasviði sem gæti nýtt sér úrræðið né á biðlista eftir þjónustu. Ljóst er að hér er um mikilvæga þjónustu að ræða sem mikilvægt er að heilbrigðisyfirvöld skoði vel og meti aðkomu sína að endurhæfingarúrræðinu.

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs

Texti